



## Fundargerð hreppsráðs 2.júlí 2020

# Fundur nr. 18 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 2.júlí 2020 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 08:00.

Mætt til fundar: Íris Grímsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson.

Einnig sat fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar var leitað afbrigða með því að taka fyrst fyrir fundarliðinn „Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs“ undir „Almenn mál“. Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir

#### a. 885.fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12.6

Lagt fram til kynningar.

#### b. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 15.6

Lagt fram til kynningar.

#### c. Kjörstjórn Vopnafjarðarhrepps 16.6

Lagt fram til kynningar.

#### d. Skipulags- og umhverfisnefnd 24.6

##### i. Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna veiðihúss í Ytri-Hlíð

Hreppsráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og samþykkir að lýsingin verði auglýst og kynnt. Samþykkt samhljóða.

##### ii. Umsókn um stofnun lands – Ytri hlíð 3

Hreppsráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og samþykkir erindið. Samþykkt samhljóða.

##### iii. Ytri-hlíð – ósk um vegslóða

Hreppsráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og heimilar byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir vegslóðanum að viðhöfðu samráði við Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands. Samþykkt samhljóða.

##### iv. Lýsing fyrir breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis hafnar vegna niðurrifs

Hreppsráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og samþykkir að lýsingin verði auglýst og kynnt. Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn situr hjá.

Hreppsráð áréttar að nefndir séu fullmannaðar og varamenn séu boðaðir á fundi.

#### e. Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 29.6

Lagt fram til kynningar.

### 2. Almenn mál

#### a. Umsókn um byggingarlóðir í Skálanesgötu

Tekin fyrir umsókn um lóðina Skálanesgata 8b – 8i frá Hrafnshóli, kt: 540217-1300. Hreppsráð samþykkir að verða við erindinu og úthluta lóðinni til Hrafnshóls. Sveitarstjóra jafnframt falið að afgreiða lóðarleigusamninga fyrir lóðirnar tvær sem sótt er um. Samþykkt samhljóða.

#### b. Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs

Íris Grímsdóttir tilnefnd sem formaður hreppsráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn situr hjá.

Sigríður Bragadóttir tilnefnd sem varaformaður hreppsráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn situr hjá.

#### c. Málefni hjúkrunarheimila, fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Kynntir minnispointar frá fundi Sambandsins með bakhópi um rekstur hjúkrunarheimila. Hreppsráð getur ekki unað við að rekstrarvandi hjúkrunarheimilisins lendi á rekstri sveitarfélagsins og ítrekar að ríkið axli ábyrgð á rekstri þeirra. Þá minnir hreppsráð á ósamræmi það sem ríkjandi er, þar sem rekstur hjúkrunarheimila í nágrennasveitarfélögum er fjármagnaður beint af ríkisframlögum. Hreppsráð felur sveitarstjóra að ganga frá bréfi til heilbrigðisráðherra vegna alvarlegs rekstrarvanda hjúkrunarheimilisins í Vopnafjarðarhreppi. Samþykkt samhljóða.

#### **d. Rannsóknarsetur vatnavistkerfa**

Hreppsráð samþykkir áður ákveðið framlag samkvæmt samningi og skiptist það þannig að Vopnafjarðarhreppur leggur til 2.5 milljón kr. Af þeirri upphæð eru 640.000 kr skrifstofuaðstaða verkefnastjóra, 1 milljón kr er framlag í gegnum Framfara- og ferðamálafélag Vopnafjarðar og 860.000 kr framlag Vopnafjarðarhrepps. Framlagið fer af bókhaldslykli 4915, deild 1361. Samþykkt samhljóða.

### **3. Bréf til sveitarstjórnar**

#### **a. Bréf frá Landvernd – Hálendi Austurlands**

Lagt fram til kynningar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 09:01.